



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

B.t. aðildarsveitarfélaga SSH og hagsmunaaðila vegna græna stígsins

Kópavogur, 10. júní 2023
2301008 JKÁ

Græni stígurinn – frumgreining – beiðni um umsögn

Á 118. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 7. júní sl., mætti Þráinn Hauksson frá Landslagi og kynnti niðurstöður frumgreiningar á mögulegri legu græna stígsins í græna trefli höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundinum:

SSH er falið að senda drög að frumgreiningu vegna legu græna stígsins til umsagnar: Sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ÖBÍ, Skógræktarfélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Landsnets hf., Veitna ohf., Samráðshóps um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Landssamtaka hjólreiðarmanna. Tímafrestur verði veittur til 15. september 2023. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd ásamt tillögum að næstu skrefum.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélaga/hagaðila

1. Óskað er eftir að meðfylgjandi frumgreining verði lögð fyrir á tilheyrandi vettvangi til rýni og umsagnar.
2. Óskað er eftir að umsagnir berist til SSH í netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 15. september 2023.

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins